

## Nefndarálit

um frv. til stjórnarskipunarlaganna um breyt. á stjórnarskrá lýðveldisins Íslands, nr. 33/1944, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta stjórnarskrárnefndar.

Nefndin hefur fjallað um málið og fengið til fundar við sig Kristján Andra Stefánsson og Helga Bernóðusson sem unnu með nefnd þeirri sem undirbjó málið. Frumvarpið er samhljóða frumvarpi sem samþykkt var á seinasta þingi en er nú flutt að nýju, sbr. 79. gr. stjórnarskrárinnar.

Frumvarpið er byggt á tillögum nefndar sem forsætisráðherra skipaði 8. september 1997 til að endurskoða kjördæmaskipan og tilhögun kosninga til Alþingis. Nefndin var skipuð samkvæmt tilnefningum allra þingflokka er þá voru á Alþingi. Nefndin skilaði forsætisráðherra skýrslu 6. október 1998 sem hann lagði fyrir Alþingi (þskj. 141 á 123. löggjafarþingi).

Fyrirmæli stjórnarskrárinnar um kjördæmaskipan og kosningafyrirkomulag voru almenns eðlis fram til 1934 er tekin voru upp í hana ítarlegri ákvæði. Af þeim sökum hefur þurft að breyta stjórnarskránni í hvert sinn sem tilefni hefur þótt til að breyta kosningareglum að einhverju marki. Í frumvarpinu er lagt til að í stað rækilegra ákvæða um kjördæmamörk og úthlutun þingsæta geymi stjórnarskráin aðeins fá og almenn ákvæði um meginrætti í kjördæmaskipan landsins og tilhögun kosninga til Alþingis. Nánari útfærsla verður svo ákveðin með almennum lögum, stundum með tilstyrk aukins meiri hluta á Alþingi. Frumvarpið leggur því grunninn að breytingum sem þarf að gera á lögum um kosningar til Alþingis.

Í stjórnarskipunarlagafrumvarpinu felst að fjöldi þingsæta verður stjórnarskrárbundinn, svo og kjörtími, fjöldi kjördæma og tilhögun kosninga í meginráttum, þ.e. að þær skuli vera leynilegar og hlutbundnar. Almenna löggjafanum er hins vegar falið að ákveða fjölda þingsæta í hverju kjördæmi, þó þannig að minnst sex kjördæmissæti séu í hverju þeirra. Þá verða sett í kosningalög nánari fyrirmæli um kjördæmaskipan og fyrirkomulag kosninga, þar á meðal verða reglur um kjördæmamörk og reglur um úthlutun þingsæta. Breyting á kjördæmamörkum og tilhögun á úthlutun þingsæta verður þó aðeins gerð með tilstyrk  $\frac{2}{3}$  atkvæða á Alþingi eftir að hún hefur verið ákveðin fyrsta sinni, sbr. 2. gr. frumvarpsins. Þá felst í stjórnarskipunarlagafrumvarpinu það nýmæli að stjórnsmálasamtök þurfa að fá minnst fimm af hundraði atkvæða á landsvísu til að eiga rétt á jöfnunarsætum. Að lokum er gert ráð fyrir að misvægi atkvæða á milli einstakra kjördæma verði aldrei meira en 1:2.

Í fylgiskjali með frumvarpinu sem lagt var fram á síðasta þingi fylgdu drög að breytingum á kosningalögum. Meiri hlutinn telur mikilvægt að lögum um kosningar til Alþingis verði breytt þegar á næsta þingi til samræmis við framangreindar breytingar á stjórnarskrá.

Jóhann Ársælsson ritar undir nefndarálitið með fyrirvara.

Meiri hlutinn mælir með **samþykkt** frumvarpsins.

Alþingi, 11. júní 1999.

Sigríður A. Þórðardóttir,  
form., frsm.

Vilhjálmur Egilsson.

Valgerður Sverrisdóttir.

Guðmundur Hallvarðsson.

Drífa Hjartardóttir.

Jón Kristjánsson.

Guðmundur Árni Stefánsson.

Jóhann Ársælsson,  
með fyrirvara.